



Listasafn IIII Reykjavíkur

listasafnreykjavikur.is



Hellt niður með nákvæmni
(Perfect Spill), 2009.




Hringir, hámarkstærð (Circles,
Maximum Size), 2009

19. janúar – 14. apríl 2013

Ívar Valgarðsson Spill

Til spillis



Til spillis (Spill), 2012

Hafnarhúsið



Til spillis

Hver eru mörk þess að skapa og skemma? Ummyndun og hringrás náttúrunnar, þegar hraun flæðir í eldgosi og eyðir því sem fyrir verður, er í leiðinni sköpun á nýju landslagi. Listamaður sem málar mynd er að skapa, en er hann á sama tíma að eyðileggja eða spilla málningunni sem er í sjálfru sér mjög falleg eins og hún kemur óblönduð úr túpunni eða dósinni? Er það sköpun þegar málningardropi lekur úr pensli á gólf þegar verið er að mála vegg?

Til spillis eftir Ívar Valgarðsson (f. 1954) samanstendur af þremur veggmyndum af málningardropum sem lekið hafa á gólfid í A-sal í Hafnarhúsi, Listasafni Reykjavíkur, auk þriggja ljósmynda. Ívar vekur athygli á málningu sem hefur farið til spillis. Hann nýtir til sköpunar sinnar mistök málarans sem málaði veggj áýningaráslarins eða er hann ef til vill að leiðrétta mistökin með því að færa dropana aftur upp á veggina? Ívar beinir stafrænum smásjármyndavélum, sem ætlaðar eru til vísindarannsóknna, að dropunum og varpar myndum í rauntíma á veggina, eins konar stækkuðum stafrænum málverkum.

Ívar hóf nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1971 og stundaði framhaldsnám í Hollandi frá 1977 til 1980. Á þeim árum voru áhrif hugmyndalistarinnar og naumhyggju ríkjandi í myndlist og bera verk hans þess merki.

Verk Ívars eru innsetningar og hann nýtir gjarnan, eins og nú, myndvarpa og ljósmyndir í verkin. Hann vinnur mikið með ýmis konar iðnaðarefni, efni sem við notum til að móta og skapa umhverfi okkar og skipar húsamálning þar stóran þess. Ívar hefur gert málverk þar sem hann hleður upp málningu lag fyrir lag með rúllu eða pensli, stundum hundruð laga þannig að tvívíður flötur málverksins fer að líkjast þrívíðu verki. Hann hefur líka málað með húsamálningu

fleti beint á veggi og bera þau verk iðulega sama nafn og framleiðsluheiti málningarinnar frá verksmiðjunni, nöfn sem hafa ljóðræna skírskotun, svo sem *Fagurblátt* eða *Sólgult*, en svo málar hann yfir verkin að sýningu lokinni. Ívar hefur einnig gert innsetningar þar sem hann raðar upp málningardósum, spónaplötum, gangstéttarhellum og öðrum byggingarefnum sem hann hefur fengið að láni úr byggingavörusvæðun og skilar svo aftur í svæðunina að sýningu lokinni. Með þessu ækist hann ekki eftir að skapa varanleg listaverk heldur eru verkin tímabundnar innsetningar og hluti af hringrás þar sem efni verður listaverk um sinn en gegnir svo sínum upprunalega tilgangi að sýningu lokinni.

Hringformið er Ívari hugleikið og þess gætir í ýmsum verkum hans. Sem dæmi má nefna flokk verka frá árinu 2009, *Hellt niður með nákvæmni*, en það eru málningardropar sem hann gerir með því að hella málningu viljandi niður. Árið 1994 sagði hann frihendis hringi úr spónaplötum, verk sem nefnast *Handgerðir hringir* og árið 2009 teiknaði hann með áherslupennum á veggi verkin *Hringir, hámarksstærð*. Droparnir á þessari sýningu urðu hins vegar hringlaga fyrir tilviljun, án þess að markvisst væri reynt að móta formið því málningardropi sem fellur beint á sléttan flöt myndar sjálfkrafa hringform.

Til spillis er líkt og fyrri verk Ívars nákvæmlega útfært, vel ígrundað og ljóðrænt. Ívar hrifst af þeim sköpunarkrafti sem á sér stað í mótun og uppbyggingu hins manngerða umhverfis, í háspennulínum sem flytja rafmagn milli landshluta, oliublettum á götu, málningarlögum á húsveggjum, í verksmiðjuheiti málningar eða, eins og hér, í málningardropum sem hafa farið til spillis. Það er ekki varanleikinn sem hrífur Ívar mest heldur síbreytileiki og hringrás efnis og hugmynda.

Marteinn Tausen

Spill

Where does the boundary lie between creation and destruction? In nature, metamorphic and cyclical processes take place when molten lava flows, destroying whatever lies in its path, yet at the same time creating a new landscape in its place. An artist who paints a picture is creating something, yet is he/she at the same time destroying or spoiling the paint that is used – which has its own beauty, unmixed, straight from the tube or can? When a drop of paint drips from the brush onto the floor as a wall is being painted, is that creation?

Spill by Ívar Valgarðsson (b. 1954) comprises three murals of drips of paint which have trickled onto the floor in Gallery A at the Reykjavik Art Museum's Hafnarhúsi site, plus three photographs. Ívar draws attention to the paint which has been spilt. He makes creative use of the painter's mistakes, when painting the walls of the space – or perhaps he is rectifying the errors, by returning the drips to the wall? Ívar focuses a digital microscope camera, designed for scientific research, on the paint-drips, and projects the images onto the walls in real time – as a kind of magnified digital paintings of the drips.

Ívar began his studies in 1971 at the Icelandic School of Arts and Crafts (forerunner of the Iceland Academy of the Arts), and pursued further studies in the Netherlands 1977-80. At that time conceptual and minimalist ideas were influential in art, and these characteristics may be seen in the artist's work.

Ívar's works are installations; he often uses projectors and photographs. He also works extensively with a variety of industrial materials – materials we use to shape and create our environment – and not least house-paint. Ívar has made paintings in which he builds up paint layer by layer using a roller or brush – sometimes into hundreds of layers, so

that the two-dimensional picture plane begins to resemble a three-dimensional relief. He has also painted direct on walls using house-paint; the titles of these works are invariably the factory name and trademark of the paint, often something lyrical and evocative such as *Fagurblátt* (*Sky Blue*) or *Sólgult* (*Sunshine Yellow*). Ívar has also done installations in which he arranges cans of paint, sheets of chipboard, paving slabs and other building materials which he has borrowed from a builders' supplier, and returns there after the show. In such works his aim is not to create a permanent work of art; the works are temporary installations, and form part of a cyclical process, in which the materials become a work of art, and are then reused for their original purpose after the exhibition is over.

Ívar is familiar with circular forms, such as in a series from 2009, *Hellt niður með nákvæmni* (*Perfect Spill*) which comprise drips of paint formed by deliberate spilling. In 1994 he sawed circles freehand out of sheets of chipboard, which he called *Handgerðir hringir* (*Handmade Circles*), and in 2009 he used highlighter pens to draw on walls the works *Hringir, hámarksstærð* (*Circles, Maximum Size*). The drips of paint in this exhibition, however, are circular by chance, without any intention to achieve that form, as a drop of paint that falls vertically onto a flat surface will always make a round spot.

Spill is, like Ívar's previous works, precise in its presentation, well-considered and lyrical. The artist is enchanted by the creativity embodied in the formation and development of the manmade environment – power lines transporting electricity from one region to another, splashes of oil on the street, layers of paint on walls, or, as here, drops of paint which have dripped to the floor. It is not permanence that attracts Ívar most, but the mutability, and the cycle, of materials and ideas.

Marteinn Tausen

English translation Anna Yates